

Fundur fagráðs um velferð dýra, 28. ágúst 2017

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Vefsíða Fagráðs; birting á fundargerðum og umsókna um dýratilraunir
3. Ný reglugerð um dýratilraunir, kynning á nýjungum/breytingum, umræður og athugasemdir
4. Umsóknir um dýratilraunir
5. Dýravaktin á Snjaldru, kynning (facebook)
6. Merking hnúfubaka
7. Dagsetning fundar fram að áramótum
8. Önnur mál

Mætt eru

Katrín, Henry og Ólafur. Auk þeirra sat fundinn Þóra Jónasdóttir, sérgreinadýralæknir dýravelferð sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Fundagerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt
2. Haldin er fundargerð fyrir hvern fund sem verður birt. Samantekt hvernar umsóknar um notkun dýra í vísindalegum tilgangi verður birt skv. reglugerð.
3. Umræður um hvort „blóðhryssur“ falli undir nýja reglugerð um notkun dýra í vísindalegum tilgangi, Fagráðið túlkar reglugerðina þannig að svo sé. Það er mat Fagráðs að laga þurfi ýmislegt í núgildandi reglugerð. ÞJJ tekur saman tillögur að leiðréttingum sem varða reglugerðina.
4. Ein umsókn lá fyrir, umsögn er frestað þar til svör við spurningum Matvælastofnunar berast frá umsækjanda.
5. Kynning og vefsíða sýnd.
6. ÞJJ fór yfir ferlið í málinu og svo virðist sem ekki hafi verið farið að skilyrðum leyfisins. Matvælastofnun kannar hvort forsendur leyfis séu enn til staðar.
7. Umræður um dagsetningu funda fram að áramótum frestað til næsta fundar.
8. Önnur mál
 - a. Eftirlit með blóðtökum úr hryssum, óskað er eftir að niðurstöður úr eftirliti MAST verði kynntar Fagráði.
 - b. Eftirlit með útivist og -beit nautgripa, óskað er eftir að niðurstöður úr eftirliti MAST verði kynntar Fagráði.
 - c. Fagráð óskaði eftir almennri fræðslu frá MAST til sauðfjárnænda um faglega meðhöndlun á þembu í sauðfé.
 - d. Fagráðið óskaði eftir almennri fræðslu frá MAST til bænda um álag á dýr í smalamennsku og réttum eins og t.d. pistill fyrrum sérgreinadýralæknis sauðfjár- og nautgripasjúkdóma.
 - e. Fulltrúi DÍ upplýsti um hefðina „Fýlaveisla undir fjöllum“. Fýlar aflífaðir með að hausinn sé bitinn af. Frekari upplýsinga verður aflað.
 - f. Aflífing graðhesta á norðurlandi var rædd og aðkoma MAST skýrð.

Næsti fundur Fagráðs verður boðaður 20. september 2017.

Fundi slitið.